

Upplýsingar um skráningu ökutækis

Umsókn um forskráningu

Fyrsti þátturinn í skráningarferli ökutækis er forskráning þess í ökutækjaskrá. Forskráning ökutækis er framkvæmd hjá Umferðarstofu. Sótt er um forskráningu á sérstökum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á heimasíðu Umferðarstofu, www.us.is, hjá Umferðarstofu, Borgartúni 30, Reykjavík og á skoðunarstofum ökutækja. Á umsóknareyðublöðunum koma fram ýtarlegar leiðbeiningar um gögn sem þarf að framvísa og kröfur sem þarf að uppfylla. Mikilvægt er að velja rétt eyðublað og fylgja vandlega leiðbeiningum, en ef umsókn eða fylgigögn eru ófullnægjandi er forskráningu hafnað. Hér á eftir er útskýrt hvernig eyðublöðin skiptast eftir því frá hvaða landi ökutæki kemur og innflutningsástandi.

Umsóknareyðublöð

US.101: Nýtt ökutæki framleitt fyrir Evrópska efnahagsvæðið (EES)

US.102: Nýtt ökutæki framleitt fyrir Bandaríkin eða Kanada

US.103: Nýtt ökutæki framleitt fyrir önnur lönd en EES, USA eða Kanada

US.104: Notað ökutæki áður skráð í EES, USA eða Kanada.

US.105: Notað ökutæki áður skráð í landi utan EES, USA eða Kanada.

Fylgigögn í frumriti

Meginreglan er sú að fylgigögn þurfa að vera í frumriti. Ef ökutæki er nýtt þarf að framvísa vottorðum frá framleiðanda í frumriti. Ef ökutæki er notað þarf að framvísa erlendu skráningarskírteini í frumriti.

Innflytjandi – innlend framleiðsla

Ef ökutæki er innflutt þarf að framvísa farmbréfi, þ.e. “Bill of lading” eða “Air way bill” (ekki er nægilegt að framvísa komutilkynningu eða Dock receipt). Umsækjandi skal vera tilgreindur innflytjandi á farmbréfinu, en innflytjandi er skráður umráðamaður við forskráningu. Ef ökutæki kemur með ferju og farmbréf er ekki gefið út þarf að framvísa staðfestingu á flutningi ökutækis þar sem fram kemur nafn innflytjanda og númer ökutækis. Ekki þarf farmbréf eða staðfestingu á flutningi ef umsækjandi framvísar erlendu skráningarskírteini þar sem hann er tilgreindur eigandi. Ef ökutæki er framleitt hér á landi þarf að liggja fyrir staðfesting frá innlendum framleiðanda.

Skráningarmerki

Til að flýta fyrir skráningu ökutækis býðst umsækjendum að panta skráningarmerki um leið og umsókn um forskráningu er lögð fram. Greiða þarf fyrir skráningarmerki við pöntun. Almennt berast skráningarmerki frá framleiðanda á þriðja degi frá pöntun, en ef greitt er sérstakt flýtgjald eru merkin tilbúin strax að lokinni forskráningu. Ef skráningarmerki eru pöntuð þarf að tilgreina skoðunarstofu ökutækis, en skráningarmerkin eru send á skoðunarstofu að lokinni forskráningu.

Tollafgreiðsla

Að lokinni forskráningu er unnt að fá ökutæki tollafgreitt hjá tollstjóra. Ekki er unnt að nýskrá ökutæki fyrr en það hefur verið tollafgreitt og vörugjöld hafa verið greidd. Ökutækið þarf að vera tollafgreitt í ökutækjaskrá við nýskráningu, en ef svo er ekki þarf að framvísa skriflegri heimild frá tollstjóra. Heimilt er að greiða vörugjöld við nýskráningu.

Nýskráningarbeiðni

Innflytjandi, eigandi, meðeigandi og umráðamaður verða allir að undirrita beiðnina og hún verður að vera vottuð af vitundavottum. Að auki þarf að tilgreina tryggingafélag ökutækis á beiðninni. Framvísa skal nýskráningarbeiðni þegar óskað er eftir nýskráningu ökutækis og ef beiðnin er ekki réttilega útfyllt er nýskráningu hafnað.

Skráningarskoðun

Fyrir nýskráningu þarf að færa ökutæki til samanburðar- eða skráningarskoðunar á faggiltri skoðunarstofu þar sem gengið er úr skugga um að um rétt ökutæki sé að ræða, að merkingar á búnaði þess séu í lagi og ástand þess að öðru leyti í samræmi við reglur um gerð og búnað ökutækja. Ef skráningarmerki hafa verið send á skoðunarstofu er unnt að ljúka nýskráningu þar strax að lokinni skoðun.

Nýskráning - skilyrði

Áður en unnt er að nýskrá ökutæki þarf að vera búíð að forskrá ökutækið, gefa út nýskráningarbeiðni, panta skráningarmerki og láta senda þau á skoðunarstofu, tollafgreiða ökutæki, færa það til skráningarskoðunar, framvísa nýskráningarbeiðni, ganga frá tryggingu ökutækis og greiða vörugjöld og bifreiðagjöld. Almennt er nýskráning framkvæmd á skoðunarstofu að lokinni skráningarskoðun þar. Einnig er heimilt að sækja um nýskráningu hjá Umferðarstofu, en þá þarf að liggja fyrir staðfesting á skráningarskoðun ökutækis og skráningarmerki verða að vera staðsett hjá Umferðarstofu.

Yfirlit yfir kröfur og staðla

Á umsóknareyðublöðum er útlitast nákvæmlega hvaða kröfur viðkomandi ökutæki þarf að uppfylla og í sumum tilvikum er vísað til lista þar sem kröfurnar eru útskýrðar nánar. Umræddan lista er að finna aftan á þessu blaði.

Yfirlit yfir kröfur og staðla – gildir til 31. desember 2012

Gögn = *Kraft er staðfestingar eða vottorðs frá framleiðanda eða tæknihjónustu.* - Merking = *Merking á búnaði áskilin.*

Búnaður	Gögn eða merking	Staðall	Fólksbifr. M1	Sendibifr. N1	Vöru-hópbifreið N2 – M2	Vörubifreið N3	Hópbifreið M3
Hemlabúnaður (Braking)	Gögn	EEC FMVSS ECE	71/320 (98/12) 571.105/121 R13.09	71/320 (98/12) 571.105/121 R13.09	71/320 (98/12) 571.105/121 R13.09	71/320 (98/12) 571.105/121 R13.09	71/320 (98/12) 571.105/121 R13.09
Hljóðstyrkur (Sound Levels)	Gögn	EEC ECE					
Útblástursmengun bensín (Emissions)	Gögn	EEC ECE	EURO 5 715/2007 692/2008	EURO 5 715/2007 692/2008	EURO 5 715/2007 692/2008	EURO 5 2005/55/EB 2005/78/EB 2006/51/EB R83.04	EURO 5 2005/55 2005/78 2006/51 R83.04
Útblástursmengun diesel (Emissions)	Gögn	EEC ECE	EURO 5 715/2007 692/2008 MIG 7 sæta EURO 4 Til 1.9.2012	EURO 5 715/2007 692/2008 R83.05 viðbót 1 eða 2	EURO 5 715/2007 692/2008 R83.05 viðbót 1 eða 2	EURO 5 2005/55 2005/78 2006/51 R49.04	EURO 5 2005/55 2005/78 2006/51 R49.04
Útblástursmengun Gas (LPG og NG) (Emissions)	Gögn	EEC ECE	EURO 5 715/2007 692/2008 R83.05 viðbót 1 eða 2	EURO 5 715/2007 692/2008 R83.05 viðbót 1 eða 2	EURO 5 715/2007 692/2008 R83.05 viðbót 1 eða 2	EURO 5 2005/55 2005/78 2006/51 R49.04	EURO 5 2005/55 2005/78 2006/51 R49.04
Yfirbygging, veltigrind (sporvidd drifás >1150 mm) (Safety Cab,)	Gögn	EEC EEC					
Yfirbygging, veltigrind (sporvidd drifás <1150mm) (Safety cab)	Gögn	EEC EEC					
Þyngdarklossar (Ballast Weights)	Gögn	EEC					
Ökuriti (Tachograph)	Gögn eða merking	EEC			3821/85	3821/85	3821/85
Hraðatakmarkari (Speed Limiters)	Gögn eða merking	EEC			92/24 (2004/11)	92/24 (2004/11)	92/24 (2004/11)
Hönnunarbundinn hámarks hraði (Maximum design speed)	Gögn	EEC					
Höfuðpúðar (Head Restraints)	Gögn eða merking	EEC ECE FMVSS		EEC ECE FMVSS			
Rúður (öryggisgler) (Safety glass)	Merking		e, E, DOT merki eða viðurkenningarmerki				
Glítaugu (Reflex Reflectors)	Merking		e, E eða DOT merki				
Aðalljós (Headlamps)	Merking		e, E eða DOT merki				
Þokuljós (Fog Lamps)	Merking		e, E eða DOT merki				
Öryggisbelti (Seat Belts)	Merking		e, E eða DOT merki				
Hjólbarðar (Tyres)	Merking		e, E eða DOT merki				
Baksýnispeglar (Rear View Mirrors)	Merking						
Felgur (Rims)	Merking		Merkt framleiðanda				

Leiðbeiningar um tilskipanir og staðla í töflunni:

EEC Tilskipanir Evrópusambandsins (e-merking), Gildandi viðbætur er taldar upp í sviga fyrir aftan númer tilskipunar. - ECE Reglur Sameinuðu þjóðanna um ökutæki (E-merking)
FMVSS Bandarískur alríkisöryggisstaðall fyrir ökutæki (DOT-merking) - .US Bandarískur staðall.

Yfirlit yfir kröfur og staðla – gildir til 31. desember 2012

Gögn = Kraft er staðfestingar eða vottorðs frá framleiðanda eða tæknihjónustu. - Merking = Merking á búnaði áskilin.

Búnaður	Gögn eða merking	Staðall	Dráttar-vél	Létt bifhjól (L1e)	Bifhjól (L3e)	Fjór hjól (L6e)	Fjór hjól (L7e)
Hemlabúnaður (Braking)	Gögn	EEC FMVSS ECE					
Hljóðstyrkur (Sound Levels)	Gögn	EEC ECE		97/24 kafli 9 R 63-00	97/24 kafli 9 R 41-01 R 63	97/24 kafli 9 2006/27 R 41-01	97/24 kafli 9 R 41-01
Útblástursmengun bensín (Emissions)	Gögn	EEC ECE		2002/51 (2003/77) 97/24 kafli 5	EURO 3 2002/51 (2003/77) 97/24 kafli 5	2002/51 (2003/77) 97/24 kafli 5	2002/51 (2003/77) 97/24 kafli 5
Útblástursmengun diesel (Emissions)	Gögn	EEC ECE	2000/25 II	2002/51 (2003/77)	2002/51 (2003/77)	2002/51 (2003/77)	2002/51 (2003/77)
Útblástursmengun Gas (LPG og NG) (Emissions)	Gögn	EEC ECE					
Yfirbygging, veltigrind (sporvidd drifás >1150 mm) (Safety Cab,)	Gögn	EEC ECE	77/536 (99/55) 79/622 (99/40)				
Yfirbygging, veltigrind (sporvidd drifás <1150mm) (Safety cab)	Gögn	EEC ECE	86/298 (00/19) 87/402 (00/22)				
Þyngdarklossar (Ballast Weights)	Gögn	EEC	74/151 IV (98/38)				
Ökuríti (Tachograph)	Gögn eða merking	EEC					
Hraðatakmarkari (Speed Limiters)	Gögn eða merking	EEC					
Hönnunarbundinn hámarks hraði (Maximum design speed)	Gögn	EEC	74/152 (97/54 og 98/89)	45 km/klst.		45 km/klst.	
Höfuðpúðar (Head Restraints)	Gögn eða merking						
Rúður (öryggisgler) (Safety glass)	Merking						
Glítaugu (Reflex Reflectors)	Merking						
Aðalljós (Headlamps)	Merking						
Þokuljós (Fog Lamps)	Merking						
Öryggisbeltí (Seat Belts)	Merking						
Hjólbarðar (Tyres)	Merking						
Baksýnispeglar (Rear View Mirrors)	Merking			e, E eða DOT	e, E eða DOT	e, E eða DOT	e, E eða DOT
Felgur (Rims)	Merking						

Leiðbeiningar um tilskipanir og staðla í töflunni:

EEC Tilskipanir Evrópusambandsins (e-merking), Gildandi viðbætur er taldar upp í sviga fyrir aftan númer tilskipunar. - ECE Reglur Sameinuðu þjóðanna um ökutæki (E-merking)
FMVSS Bandarískur alríkisöryggisstaðall fyrir ökutæki (DOT-merking) - US Bandarískur staðall.